

SIGLINGASTOFNUN

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1422
komudagur 14.2.2008

Alþingi
Sjávarútvegsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 13.02.2008
Tilv. 023
SP

Efni: Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, 272. mál, veiðar í atvinnuskyni.


Siglingastofnun vísar til bréfs sjávarútvegsnefndar dags. 24. janúar 2008, þar sem ofanefnt frumvarp er sent til umsagnar Siglingastofnunar.

Siglingastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins. Siglingastofnun hefur skráð báta sem leigðir eru út til fiskveiða án skipstjóra, sem frístundafiskiskip. Þann 1. janúar 2008 voru 37 slík skip á aðalskipaskrá. Gengið hefur verið út frá því að um þau skip gildi almennar reglur um veiðar og afla þeirra skipa er stunda fiskveiðar í atvinnuskyni.

Gerð er krafa til þess að frístundafiskiskip uppfylli þær reglur sem gilda um fiskibáta varðandi smíði, búnað og skoðanir skv. reglum um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum nr. 592/1994, reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, nr. 189/1994 og reglugerð um skoðanir á skipum og búnaði þeirra, nr. 1017/2003. Í þessum reglum eru heimildir til að veita undanþágur við tiltekna aðstæður og til tiltekinna skipaflokka, sbr. undanþágu sem veitt hefur verið vegna rafmagns í bátunum skv. reglum nr. 592/1994. Ekki er gerð krafa um að áhafnir hafi atvinnuréttindi til skipstjórnar en gerð er krafa til þess að skipstjóri frístundafiskiskips sé handhafi skemmtibátaskírteinis sbr. 7. gr. laga nr. 30/2007 um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa eða handhafi sambærilegs erlends skírteinis.

Siglingastofnun Íslands hefur veitt starfsleyfi fyrir útleigu frístundafiskiskipa að uppfylltum skilyrðum í framhaldi af úttekt á starfsemi, sem tekur m.a. til menntunar og þekkingar starfsmanna í landi, öryggisáætlunar og fyrirhugaðrar fræðslu til skipstjóra og annarra í áhöfn bátanna.

Virðingarfyllt
f.h Siglingastofnunar Íslands


Hermann Guðjónsson